

STJÓRNARTÍÐINDI B 56 – 1998

30. júní 1998

1137

Nr. 381

REGLUGERÐ

**um viðauka við reglugerð nr. 243 4. september 1968
um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar.**

1. gr.

Síðasta reikningsár síldarútvegsnefndar, sbr. l. nr. 43, 29. maí 1998, skal vera frá 1. júlí 1997 til 31. júlí 1998 þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 10. gr. rg. nr. 243, 4. september 1968, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar með síðari breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 62, 21. apríl 1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. júní 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

30. júní 1998

Nr. 382

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 77, 6. febrúar 1998, um botn- og flotvörpur.

1. gr.

B-liður 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Við úthafsækjuveiðar fyrir Norð-austurlandi, milli 12°V og 18°V. Austan Langaness markast syðri mörk svæðisins af 65°30'N.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 7. júlí 1998 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. júní 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

B 79
Gutenberg